

26. janúar 2018

Varðandi : Erindi sem send eru frá stjórn FHD án umfjöllunar á stjórnarfundum

Ágæta stjórn FHD,

Við undirritaðar viljum koma á framfæri óánægju með að erindi séu send frá ræktunarstjórn FHD án þess að fjallað hafi verið um þau á stjórnarfundum eða þau afgreidd í tölvupóstum þar sem allir stjórnarmeðlimir hafa tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Þann 24. janúar var sent erindi í nafni stjórnar FHD (undirritað af Kristínu Jónasdóttur fyrir hönd stjórnar FHD) en það erindi hefur ekki verið rætt formlega innan stjórnar né tekin formleg ákvörðun af stjórn um að senda umrætt erindi.

Það rétta er að okkar vitund, að málefnið yrði rætt frekar og mögulega sent til veiðiprófanefndar til umfjöllunar, enda væri það réttur farvegur í ljósi þess að veiðiprófanefnd tegundahóps 7 fjallar um veiðipróf deildanna.

Í ljósi ofangreinds förum við því fram á að erindið verði dregið til baka, um það verði fjallað á stjórnarfundum og að því loknu tekin ákvörðun sem endurspeglar vilja allrar stjórnarinnar.

Með góðri kveðju

Guðbjörg Guðmundsdóttir
Unnur A Unnsteinsdóttir